

Mál nr. 194/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Árekstur 16.04. 2004, ágreiningur um afleiðingar óhappsins.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 25.06. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.07. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var ökumaður bifreiðar sem ekið var aftan á við gatnamót Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar. Bifreiðin A bar ábyrgð á árekstrinum.

Vátryggingafélagið vísar til þess að því hafi fyrst borist gögn um líkamstjón M á árinu 2009. Skýrsla lögreglu greini ekki fá meiðslum aðila. Í læknabréfi slysa- og báðadeildar Landspítala greini frá hálstögnun á slysdegi og segir ennfremur að um mjög mildan áverka virðist vera að ræða. Félagið telur á grundvelli fyrirliggjandi gagna ósannað að M hafi orðið fyrir varanlegum afleiðingum vegna árekstursins. Ekki hefur verið aflað mats á mögulegum afleiðingum árekstursins á líkamlegu ástandi M þ.m.t. orsakasambandi. Að gefnu tilefni tekur félagið fram að það hefur greitt fyrir vottorð sem aflað hefur verið í máli þessu og ekki hafnað sérstaklega að greiða fyrir nauðsynlega vottorðsöflun. Félagið hefur ekki heldur neitað því að standa að mati á afleiðingum slyssins. Félagið gerir fyrirvara um fyrningu skv. 99. gr. umferðarlaga.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Fram kemur m.a. að “í máli þessu virðist það vera svo að kæranda hrakar heilsan á árinu 2009 “ sbr. nánar gögn málsins.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Ekki hefur verið sýnt fram á orsakatengsl milli einkenna M og árekstursins.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 10. ágúst 2010

Rúnar Guðmunsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.